

## Netið og nemendur

### Hverjum er fræðslan ætluð?

Fræðslan er ætluð kennurum og öðru fagfólki sem vinnur með börnum og ungmennum.

### Hvernig fer fræðslan fram?

Fyrirlesari kemur á staðinn og fræðir kennara og fagfólk.

### Lýsing:

Í fræðslunni er farið yfir hvernig kennarar og annað fagfólk getur stutt við jákvæða og örugga miðlanotkun barna og ungmenna í skóla- og frístundastarfi.

### Fræðslunni er skipt upp í eftirfarandi kafla:

- **Jákvæð miðlanotkun:** Hér er farið í hvaða jákvæðu myndir miðlanotkun hefur og hvernig kennarar og annað fagfólk geta ýtt undir jákvæða notkun og góðar netvenjur nemenda.
- **Ábyrgð og eftirlit:** Netnotkun barna og ungmenna í skólasamfélaginu er skoðuð, frá fyrstu skrefum fram á unglingsaldur. Rætt um reglur og ramma og hvaða áhrif netnotkun getur haft á börn. Farið verður yfir fagfólk sem fyrirmyndir í tækja- og netnotkun og friðhelgi einkalífs rædd. Nýjustu rannsóknir á netnotkun barna á Íslandi verða skoðaðar og nýjar leiðbeiningar Umboðsmanns barna kynntar.
- **Að bregðast við og leiðbeina:** Hér er skoðað hvernig áhyggjur og kvíði yfir netnotkun birtast og hvernig skal ræða um erfið málefni sem nemendur sjá á netinu. Kennarar fá verkfæri ef börnin lenda í óhugnanlegum aðstæðum á netinu, hvað skal gera og hvernig á að vinna með þær aðstæður.
- **Samræða um miðlanotkun:** Hér verður farið yfir mikilvægi samræðunnar og hvernig skapa á traust milli fagfólks og barna til að geta rætt um það sem gerist á netinu. Einnig verður rætt um hversdagslega umræðu um miðlanotkun og hvernig hægt er að efla gagnrýna hugsun á hjá börnum og ungmennum þegar kemur að miðlum.

Fræðslan er lifandi samtal við fagfólk og getur það spurt spurninga og komið með vangaveltur á meðan á fræðslunni stendur.

**Tímalengd:** 60 mínútur

**Markmið:** Markmið fræðslunnar er að efla kennara og annað fagfólk í að leiðbeina börnum og ungmennum um jákvæða netnotkun og öðlast færni í að takast á við áskoranir sem tengjast netinu og skólasamfélaginu.

Bókaðu fræðsluna á [heimiliogskoli@heimiliogskoli.is](mailto:heimiliogskoli@heimiliogskoli.is)